



Víglundur Þorsteinsson
Lindarflöt 39
210 Garðabæ

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 150 Reykjavík
sími: 545 9200 bréfasími: 545 9299
postur@fjr.is www.fjr.is

Reykjavík 18. október 2012
Tilv.: FJR12070038/1.10

Vísað er til bréfs yðar, dags. 10. júlí sl., sem ritað var í framhaldi af úrskurði úrskurðarnefndar um upplýsingamál, dags. 29. júní sl., í máli sem þér beinduð til nefndarinnar í framhaldi af samskiptum yðar við ráðuneytið.

Eins og fram kom í fyrra bréfi ráðuneytisins, dags. 3. september sl., til yðar vegna erindisins var leitað eftir umsögnum samningsaðila að því er varðar samning um stofnfjármögnun Nýja Kaupþings banka (Kaupthing Capitalisation Agreement). Í samningnum eru ákvæði um gagnkvæman trúnað auk þess sem rétt þótti að gefa samningsaðilum kost á að tjá sig um beiðni yðar vegna viðskiptahagsmuna þeirra.

Að fengnum umsögnum Arion banka hf., Kaupthings banka hf. og Kaupskila ehf. hefur ráðuneytið ákveðið að afhenda yður samninginn auk viðauka við hann. Vegna viðkvæmra viðskiptaupplýsinga sem eru í 9. gr. samningsins, er varða framsal á tilteknun eignum milli gamla og nýja bankans, sem og 5. viðauka hans, þar sem tilteknir viðskiptamenn bankans eru nafngreindir, hafa þau ákvæði verið felld út, sbr. ákvæði 5. gr. upplýsingalaga nr. 50/1996.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindi yðar, sem m.a. má rekja til þeirra umsagnarbeiðna sem afla þurfti áður en unnt var að afhenda umrædd gögn.

Fyrir hönd ráðherra

Pórhallur Árason
Pórhallur Árason

Hafsteinn S. Hafsteinsson
Hafsteinn S. Hafsteinsson